

## KIRKJUGARÐARÁÐ

### 158. fundur haldinn fimmtudaginn 9. maí 2019 í fundarsal Biskupsstofu.

---

**Mætt voru:** Ragnhildur Benediktsdóttir formaður ráðsins sem stýrði fundi og ritaði fundargerð, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP og fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson forstjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjuþings, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem boðaði forföll.

**1. Fundur settur og fundargerð síðasta fundar lögð fram.**

Fundur var settur kl. 14:00.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt.

**2. Mælingar og kortagerð í tengslum við vefinn gardur.is.**

**Kynning: Sigurgeir Skúlason.**

Sigurgeir fór yfir vinnuferilinn við kortagerðina frá mælingu til fullbúins korts sem tilbúið er fyrir vefinn. Einnig muninn á gömlu loftmyndunum frá LMÍ sem teknar voru um 1990 og drónamyndunum sem teknar eru um leið og mælt er og hvernig þær nýstast við kortagerðina. Hann fór líka yfir hvernig þessi gögn geta nýst á fleiri vegu svo sem á upplýsingaskilti í gördunum.

**3. Drög að verklagsreglum milli Kirkjugarðaráðs og Minjastofnunar Íslands vegna framkvæmda og rannsókna í og við kirkjugarða.**

Frestað til næsta fundar.

**4. Staðan varðandi deiliskipulag o.fl. í tengslum við fyrirhugað hús á Húsafelli, þar sem ætlunin er að varðveita gamla legsteina.**

Frestað til næsta fundar.

**5. Næsti fundur.**

Ákveðið að halda næsta fund fimmtudaginn 27. júní kl. 14:00

**6. Önnur mál.**

Guðmundur Rafn óskaði eftir því að fá heimild til að fara í kynnisferð til Færeyja í haust og skoða þar kirkjugarða og ræða við kirkjugarðsstjórnendur þar í landi. Kirkjugarðaráð samþykkti að kosta kynnisferðina.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:10

---

Ragnhildur Benediktsdóttir, formaður

